

Eftirlitsnefnd fasteignasala

Til fasteigna- og skipasala

Eingöngu sent með rafrænum hætti

Nr. 2/2019

Reykjavík, 19. september 2019

Ágæti fasteignasali.¹

1. Áskorun um skil á fjárvörsluyfirlýsingu, yfirlýsingu um skrá um fjármálagerninga og afrit af starfsábyrgðartryggingum.

Sérhver fasteignasali skal fyrir hinn 15. október ár hvert vera búinn að skila til eftirlitsnefndarinnar yfirlýsingu um fjárvörslureikninga fyrir undangengið reikningsár, yfirlýsingu um skrá um fjármálagerninga ásamt afriti af gildandi starfsábyrgðartryggingum, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 21. gr. fsl. Eyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu eftirlitsnefndarinnar, www.enf.is.

Eftirlitsnefndin skorar á fasteignasala að skila framangreindum gögnum eigi síðar en 15. október nk. og tekur fram að umburðarbréf þetta er áminning til fasteignasala um skil á réttum tíma. Eftirlitsnefndin hvetur einnig til rafrænna skila á framangreindum gögnum og skulu þá gögn send með tölvupósti á netfang nefndarinnar enf@enf.is.

Hafi yfirlýsingum ekki verið skilað í réttu horfi hinn 1. nóvember n.k. er lögbundin afleiðing þess tímabundin svipting löggildingar fasteignasala ásamt sérstöku gjaldi sem viðkomandi fasteignasali þarf að greiða, að fjárhæð kr. 30.000 sem rennur í ríkissjóð, vegna kostnaðar eftirlitsnefndarinnar vegna þessa. Eftir atvikum er í framhaldinu óskað eftir því að þeir hinir sömu verði sviptir réttindum ótímabundið af hálfu ráðuneytisins, verði skilum ekki komið í rétt horf.

Einnig er vakin athygli á því að ef starfsábyrgðartrygging fasteignasala er ekki fyrir hendi fellur löggilding hans sjálfkrafa niður enda fullnægir fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar. Í slíkum tilvikum er hlutaðeigandi fasteignasala óheimil frekari starfsemi og ber að skila til sýslumanns löggildingarskírteini sínu og er honum óheimilt að annast um þau störf sem í löggildingu felast, sbr. 24. gr. fsl.

¹ Umburðarbréfi þessu er beint bæði til fasteignasala og skipasala en til hagræðis er orðið fasteignasali notað.

Eftirlitsnefnd fasteignasala

2. *Álit og ákvarðanir eftirlitsnefndar á heimasíðu nefndarinnar*

Eftirlitsnefndin vekur athygli á því að álit eftirlitsnefndarinnar í svokölluðum kvörtunarmálum frá árinu 2018 hafa nú verið birt á heimasíðu nefndarinnar www.enf.is undir yfirskriftinni birt efni. Þar er einnig að finna ákvarðanir nefndarinnar í frumkvæðismálum.

F. h. eftirlitsnefndar fasteignasala



Þórður Bogason form.



Kristín Ólafsdóttir hdl.